

23. marz.

139

Nr. 52.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Jakobs Jakobssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. marz 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jakobs Jakobssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jakobs Jakobssonar. Hann er stofnaður af Knattspyrnufélagi Akureyrar til minningar um Jakob Jakobsson, Skipagötu 1, Akureyri, er fæddur var 20. apríl 1937 og lézt af slysförum í Þýskalandi 26. janúar 1964.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Knattspyrnufélags Akureyrar, andvirði minningarspjalda, er félagið lét gera, og önnur framlög, sem borizt hafa fyrir 20. apríl 1964.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar efnilegum íþróttamönnum á Akureyri, svo sem með því að styrkja þá til náms í íþrótt sinni eða útvega þeim kennslu eða námsaðstöðu.

Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita til þessa fé úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum 5. gr. þegar henni þykir ástæða til og er æskilegt, að þær veitingar fari fram árlega hinn 20 apríl.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) vextir af fé hans,
- b) ágóði af kappleik, sem K. A. mun gangast fyrir eða fela öðrum að sjá um að fara fram árlega til ágóða fyrir sjóðinn,
- c) andvirði minningarspjalda, sem K. A. hefur látið gera og munu verða til sölu,
- d) aðrar tekjur.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita úr sjóðnum allt að vöxtum hans árlega, þar til höfuðstóll hans hefur náð kr. 100000.00. Þegar sjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, má veita úr honum, auk vaxtanna, helmingi tekna hans samkvæmt 4. gr. b), c) og d), ársins á undan.

Þegar upphæð sjóðsins hefur náð kr. 500000.00, má veita árlega allt að 10 hlutum allra tekna hans næsta almanaksár á undan úthlutun.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skal einn þeirra tilnefndur af ættingjum Jakobs heitins, annar af Íþróttabandalagi Akureyrar og hinn þriðja af Knatt-

B 18

spyrnufélagi Akureyrar. Ef annar hvor eða báðir fyrrnefndu aðilarnir tilnefna ekki mann í stjórnina, skal Knattspyrnufélag Akureyrar tilnefna í þeirra stað. Tilnefningar gilda í tvö ár í senn, í fyrsta sinn til 1. janúar 1966.

## 7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu vera endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum, er skipaðir séu af Í. B. A. og K. A. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi, ef tók eru á því.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

## 8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri eða annarri ríkistryggðri stofnun, með sem hagstæðustum kjörum. Eigi má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann, enda sé sjóðurinn í ábyrgð sjóðstjórnar og Knattspyrnufélags Akureyrar.

## 9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að tillögur um þær séu bornar fram af sjóðstjórninni allri og séu samþykktar samhljóða af stjórn Knattspyrnufélags Akureyrar og nánustu ættingjum Jakobs heitins.

## REGLUGERÐ

### um skemmtanaskatt í Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.

## 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Vopnafjarðarhreppi og aðgangur er seldur að.

## 2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

## I. flokkur.

- a) Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b) Sjónleikir.
- c) Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d) Fyrirlestrar og upplestur.
- e) Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

## II. flokkur.

- a) Dansleikir.
- b) Danssýningar.
- c) Loddara- og fjölleikasýningar.
- d) Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

## 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% af inngangseyri og af skemmtunum í öðrum flokki 20%.

Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.